

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 220/2015 um heiti og merkingu textílvára.

1. gr.

Innleiðing

Við 1. gr. reglnanna bætist einn nýr stafliður, svohljóðandi:

- c. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/122 frá 20. október 2017 um breytingu á I., II., VI., VIII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvára, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2018 frá 27. apríl 2018, birt í EES-viðbæti nr. 33 frá 17. maí 2018, bls. 191-195.

2. gr.

Lagastoð og gildistaka

Reglur þessar eru settar með heimild í 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og öðlast gildi við birtingu.

Neytendastofu, 30. maí 2018.

Tryggvi Axelsson.

Þórunn Anna Árnadóttir.